

Stjórn nemendafélags Árskóla, fundur 12. október 2021

Mætt: Jón Gabríel Rodríguez Marteinnsson og Una Karen Guðmundsdóttir úr 10. bekk, Sigríður Hrafnhildur Stefánsdóttir (Lilla) og Luka Glisovic úr 9. bekk, Gunnar Bjarki Hrannarsson og Emma Katrín Helgadóttir úr 8. bekk, Ásta Ólöf Jónsdóttir og Helgi Sigurjón Gíslason úr 7. bekk og Kristbjörg Kemp, deildarstjóri unglíngastígs, sem stjórnaði fundi og skrifaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

- 1) Fundarboð á fundi stjórnar nemendafélagsins
 - 2) Reglur stjórnar nemendafélagsins
 - 3) Helstu viðburðir innan skólans fram að jólum
 - 4) Málefni sem fulltrúar vilja ræða
-
1. Farið yfir fundarboð á fundi stjórnar nemendafélagsins. Deildarstjóri leggur áherslu á að fulltrúar í stjórn svari fundarboðum. Tölvupóstur um fundina er einnig sendur á umsjónarkennara í 7.-10. bekk.
 2. Farið yfir hlutverk stjórnar nemendafélagsins. Félagið vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda skólans.
 3. Deildarstjóri fór yfir helstu viðburði innan skólans fram að jólum og voru umræður um þá, t.d. að huga þyrfti að lengri æfingatíma fyrir leikrit unglíngastígs.
 - a. Árshátíð miðstígs verður 25. og 26. október
 - b. Dansmaráðon 10. bekinga verður 27. og 28. október
 - c. Danaheimsókn til 10. bekinga hefst 8. nóvember nk.
 - d. Árshátíð unglíngastígs (8. og 9. bekkur) verður 1. og 2. desember
 - e. Friðarganga og Árskóladagurinn verða 27. nóvember
 4. Sundfatnaður. Nemendur spyrja hvort ekki sé leyfilegt að vera í bikiní í sundkennslu. Þolpróf í íþróttum. Nemendur myndu vilja að þolpróf væru valkvæð og færa fyrir því rök, s.s. að niðurstöðurnar endurspegli ekki endilega árangurinn þar sem auðvelt sé að eiga við þær, nemendum sem ekki gangi vel sé jafnvel nuddað upp úr því og að þolpróf séu ekki metin til einkunna og áhersla á þau sé óþörf. Störf 10. bekinga innan skólans. 10. bekingar eru ánægðir með þá ábyrgð sem þeim er færð innan skólans, t.d. að þeir skuli sjá um leiðsögn um skólahúsnæðið þegar gesti ber að garði. Þeir eru tilbúnir til að aðstoða yngri nemendur, t.d. í kennslustundum og einnig eru þeir jákvæðir fyrir að aðstoða í Árvist ef svo ber undir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið,
Kristbjörg